

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að taka gildi 10. maí 1980, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 231/1980 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis.

Iðnaðarráðuneytið, 4. júlí 1980.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

4. júlí 1980.

Nr. 345.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Reyðarfjarðar.

I. GJALDSKRÁRLIÐUR.

1. Lýsing.

Rafveita Reyðarfjarðar selur raforku á því verði, sem hér segir:

1.1 Fast gjald	kr. F1
Orkugjald	— 122.10 á kWst.
1.2 Fast gjald	— F1+F2
Orkugjald	— 57.00 á kWst.

2. Notkun til heimilisþarfa.

2.1 Fast gjald	kr. F1+F3
Orkugjald	— 36.55 á kWst.

3. Vélanotkun.

3.1 Fast gjald	kr. F1+F2
Orkugjald	— 69.90 á kWst.
Lágmarksgjald	— $18 \times F1$ á ári
3.2 Aflgjald lágmark 3 kW	— 156 609.00 á ári
Aflgjald frá 3—5 kW	— 51 180.00 á kW á ári
Fast gjald	— F1+F3
Orkugjald	— 17.20 á kWst.
3.3 Aflgjald umfram 5 kW	— 43 424.00 á kW á ári
Fast gjald	— F1+F3
Orkugjald	— 14.00 á kWst.
3.4 Til súgþurrkunar	
Fast gjald	— F1
Orkugjald	— 17.20 á kWst.

4. Húshitun.

4.1 Fast gjald	kr. F1+F4
Orkugjald	— 27.60 á kWst.
Roftími allt að 1 klst. á dag.	
4.2 Fast gjald	— F1+F4
Orkugjald	— 11.80 á kWst.
Roftími allt að 3 klst. á dag.	

4.3	Fast gjald	—	F1+F4
	Orkugjald	—	6.19 á kWst.
	Roftími allt að 15 klst. á dag.		

5. Utanhússlýsing.

5.1	Fast gjald	kr.	F1
	Orkugjald	—	36.55 á kWst.

Skilgreiningar og ýmis ákvæði.

Föst gjöld.

F1.	kr.	858.00 á mán.
F2.	a) Verðslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h.	—	26.90 á m ² mán.
	b) Gangar, geymslur o. þ. h.	—	15.00 á m ² mán.
F3.	—	271.00 á g.j.e. á mán.

Gjaldeiningar eru:

- Fyrir fjölskylduheimili.
Hvert herbergi notað eða ætlað til íbúðar, en ekki ganga, baðherbergi né geymslu.
Herbergi 5m² eða minna reiknast hálf, 25 m² eða stærra tvö.
 - Fyrir félagsheimili, skóla, gistihús o. þ. h. 20 m² mælt innan útveggja.
 - Fyrir fiskvinnslustöðvar, iðnaðar- og iðjuhús o. þ. h., 30 m² fyrir vinnslurúm, 40 m² fyrir geymslurúm.
 - Fyrir útihús vegna búrekstrar. Fyrstu 50 m² eða minna, ein gjaldeining, hverja næstu 100 m² ein gjaldeining.
- F4. Hvert uppsett kW kr. 3 655.00 á kW á ári.

6. Hitun.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- Að notandi setji á sinn kostnað klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra.
 - Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álag að dómi rafveitustjóra.
 - Að hitalagnir, þar með talin öll tæki séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.
- Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.8 skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að hækka fasviksstuðulinn upp í það gildi. Notandi greiðir hærra verð fyrir raforku með fasviksstuðul undir 0.8.

II. OPNUNARGJÖLD.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 7 310.00.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun skal veitunni lokað og ekki opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 3 870.00 á skrifstofu rafveitunnar.

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir:

Grunngjald af hverri heimtaug kr. 1 460.00

Auk grunngjalda skal greiða 10% af hverju þús. að — 1 075 000

5% af hverju þúsundi sem umfram er af brunabótamati húsa og mannvirkja.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga þegar heimtaugaruppsetningu er lokið eða þegar brunabótamat hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 20 metrar og loftlínu meiri en 60 metrar og gildleiki víra meiri en $3 \times 70\mu$ og skal húseigandi greiða kostnað af því sem umfram er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi skal greiða allan kostnað af síðari heimtauginni eftir reikningi.

Söluskattur og verðjöfnunargjald eru innifalin í öllum gjaldskrárliðum nema raforku til húshitunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að taka gildi 10. maí 1980, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 231/1980 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 161, 28. febrúar 1980.

Iðnaðarráðuneytið, 4. júlí 1980.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur.

Hinn 11. júlí 1980 staðfesti skipulagsstjórn ríkisins breytta landnotkun á spildunni sunnan Óskjuhlíðarskóla í Reykjavík milli Hafnarfjarðarveggar og Kringlumýrarbrautar, þannig að nefnd spilda breyttist úr stofnanasvæði í íbúðarsvæði.

Félagsmálaráðuneytið, 15. júlí 1980.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Bréf dómsmálaráðuneytisins til sýslumannns Barðastrandarsýslu um flutning þingstaðar í Gufudalshreppi, Austur-Barðastrandarsýslu:

„Samkvæmt tillögu yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 3. júlí s. l., og ósk Gufudalshrepps í Austur-Barðastrandarsýslu, veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess að þingstaður hreppsins verði fluttur frá Neðri-Gufudal í Gufudalshreppi að Skálanesi í sama hreppi, enda annist hreppsnefndin um að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt húsrými til þinghaldanna.

Þetta tilkynnist yður hér með til frekari birtingar.“